

# Tölfræðitíðindi um afbrot


Janúar 2011 - Bráðabirgðatölur



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## Tengsl gerenda og þolenda


Á árunum 1990-2010 hafa 32 manndráp verið framín á Íslandi. Á mynd 1 má sjá tengsl þolenda og gerenda í þessum málum. Oftast þekktust gerendur og þolendur. Í 41% málanna voru þeir vinir eða kunningjar og í 31% málanna skyldir eða tengdir. Til skyldra og tengdra teljast m.a. núverandi eða fyrrverandi maki og ýmis fjölskyldutengsl. Í 9% tilvika þekktust gerandi og þolandi ekkert. Yfir tímabilið voru 79% gerenda karlar og 21% konur, en 74% þolenda karlar og um fjórðungur konur.



Mynd 1. Tengsl gerenda og þolenda í manndrápsmálum 1990-2010.

## Próun það sem af er ári

Á mynd 2 má sjá fjölda hegningarlaga brota árið 2009 og 2010 og í janúar 2011. Á árinu 2009 voru þau flest í janúar og júní, en árið 2010 í maí, ágúst og október. Brotin voru 938 í janúar síðastliðnum, en 1.223 árið 2010 og 1.478 árið 2009.



Mynd 2. Fjöldi hegningarlaga brota 2009, 2010 og það sem af er ári 2011 greint eftir mánuðum.

Þjófnaðir, innbrot, eignaspjöll og líkamsárásir, sem sjá má í töflu 1, falla undir hegningarlaga brot. Í janúar 2011 var tæpur helmingur hegningarlaga brota þjófnaðir og innbrot, en eignaspjöll um fjórðungur hegningarlaga brota og líkamsárásir um 10%.

Skráð voru 1.737 hraðakstursbrot, eða 56 að meðaltali á dag, og brot vegna ölvunaraksturs voru 84, eða um þrjú á dag. Þá voru fíkniefnabrot svipuð að fjölda og síðustu tvö ár, eða 111 talsins. Líkamsárásir voru 92, og því færri en síðustu tvö ár.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í janúar 2009, 2010 og 2011.

	jan.09	jan.10	jan.11
Hraðakstursbrot	1.680	2.553	1.737
Þjófnaðarbrot	375	313	286
Eignaspjöll	348	264	229
Innbrot	312	266	153
Ölvun við akstur	112	106	84
Fíkniefnabrot	100	118	111
Líkamsárás (217.-218. gr.)	103	99	92